



Afar fróðlegt viðtal við Bjarna í Silfrinu

Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins og utanríkisráðherra var í mjög athyglisverðu viðtali í Silfrinu í gær. Viðtalið má finna [hér](#) og eru lesendur hvattir til að horfa á það.

Hann ræddi m.a. umsóknir hælisleitenda og flóttafólks og benti á að Ísland tæki á móti mun fleiri umsóknum um alþjóðlega vernd en Norðurlöndin.

„Það er hættu á því á Íslandi að ef við opnum ekki augun og sjáum þær hættur sem geta legið í því að við grípum ekki í taumana áður en það er orðið um seinan, að þá muni það hafa mjög slæm áhrif á innviðina á Íslandi og jafnvel orðið til þess að auka skautun í umræðunni, sem ég hef orðið verulega miklar áhyggjur af,“ sagði hann.

Spurður út í nýlega færslu sína á facebook um mótmæli tjaldbúa við Austurvöll og hvort færslan hefði tengingar við fylgistölur Sjálfstæðisflokksins í skoðanakönnunum sagði hann slíkar tengingar út í hött.

„Við verðum að geta tekið málefnalega umræðu um þessi mál, sem eru alvarleg og varða framtíð landsins og getu okkar til að byggja hér upp lífskjör án þess að mönnum séu gerðir upp einhverjir annarlegir hagsmunir eða skoðanir sem hafa ekkert með málið að gera,“ sagði hann.

Í viðtalinu fór Bjarni einnig yfir ríkisstjórnarsamstarfið og að hann teldi að erindi ríkisstjórnarinnar væri ekki lokið. Hann ræddi einnig aðgerðir sem ríkisstjórnin kynnti fyrir Grindvíkinga og mögulega áhrif þeirra á kjaraviðræður.

Nánari frétt og viðtalið má finna hér fyrir neðan.

[Viðtalið við Bjarna í Silfrinu](#)

[Nánari frétt á xd.is](#)



Sjálfstæðisflokkurinn

Háaleitisbraut 1
105 Reykjavík
Iceland

Eyrirvari

Tölvupóstur þessi er sendur skráðum félagsmönnum í samræmi við ákvæði laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka. Vinsamlegast athugið að tölvupóstur þessi og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Pósturinn er sendur út af póstlista Sjálfstæðisflokksins.

[Viltu ekki fá póst eins og þennan? Þú getur afskráð þig með því að fara á xd.is - mínar síður.](#)

